

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Blönduóssbæ.

1. gr.

Af hundum í Blönduóssbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduóssbæ, nr. 242/2004.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald vegna hundahalds skal vera kr. 12.500 fyrir hvern hund. Sé hundur skráður eftir að frestur til þess rennur út skal innheimt leyfisgjald kr. 17.000.

3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Við greiðslu leyfisgjalds skal hundeigandi framvísa reikningum fyrir hvoru tveggja og skal upphæð þeirra dregin frá leyfisgjaldinu. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og færa þá til hreinsunar.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds, kr. 7.000

Önnur afhending hunds, kr. 12.500

Þriðja afhending hunds, kr. 19.000

Við afhendingu hunds sem ekki er gilt leyfi fyrir, kr. 15.000

Að auki skal umráðamaður hunds greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. maí og eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Blönduóssbæ nr. 242/2004, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Nr. 224

15. febrúar 2007

Samþykkt í bæjarstjórn 13. febrúar 2007 og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 14. febrúar 2007.

Bæjarstjórinn á Blönduósi, 15. febrúar 2007.

Hulda Ragnheiður Árnadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2007